



Guðný Björk Eydal – prófessor

Ávarp ritstjóra

ritrýndra greina

Eins og fram kemur í ávarpi ritstjóra almennra greina skapar tilkoma spunagreindar á sviði gervigreindar margvíslegar áskoranir fyrir félagsráðgjöf, bæði fræði og fag. Ein þessara áskorana felst í misjafnri þekkingu á og aðgengi fólks að þessum lausnum en þau sem munu ná að tileinka sér þær lausnir sem spunagreindin býður upp á eiga eftir að skara fram úr öðrum. Það er því áriðandi að félagsráðgjafar minni á mikilvægi þess að tryggja öllum aðgengi að upplýsingum og þeim lausnum sem gervigreindin býður upp á.

Viss upplýsingaóreiða hefur fylgt fyrstu kynslóð gervigreindar. Hún á það t.d. til að búa til heimildir og því er erfitt að fá fram gagnreyndar upplýsingar sem hægt er að treysta fyllilega. Upplýsingalæsi, gagnreynd þekking og áreiðanlegar rannsóknarniðurstöður eru hornsteinar þekkingarsamfélagsins og hafa aldrei verið mikil-

vægari. Vönduð félagsráðgjöf byggist á því að félagsráðgjafar sæki sér bestu mögulegu þekkingu á þeim sviðum sem þeir starfa á hverju sinni. Um leið og gervigreindin skapar ýmsa möguleika til að efla okkur í starfi og auka á fagmennsku verður einnig að tryggja áframhaldandi uppbyggingu þekkingar með vönduðum rannsóknum. Það er okkar von að lesendur kunni vel að meta að *Tímarit félagsráðgjafa* mun hér eftir sem hingað til leggja áherslu á að hluti þess sé ritrýndar greinar um rannsóknir á sviði félagsráðgjafa.

Rannsóknum í félagsráðgjöf á Íslandi hefur fleygt ört fram, ekki síst í kjölfar þess að gerð var krafa um að til að öðlast starfsréttindi í félagsráðgjöf yrðu nemendur að ljúka meistaranámi og skila meistararitgerð. Meistararnemar hafa skilað drjúgu rannsóknarframlagi á mjög fjölbreyttum sviðum félagsráðgjafa og hafa margir nem-

endur, ásamt leiðbeinendum, samið greinar til birtingar í tímaritinu sem eru byggðar á rannsóknarniðurstöðum úr MA-náminu. Nú þarf að byggja ofan á þann þekkingargrunn og skapa fleirum forsendur til að ljúka doktorsnámi í félagsráðgjöf. Rannsóknir doktorsnema eru mikilvæg forsenda þekkingarsköpunar og einnig er nauðsynlegt að fleiri félagsráðgjafar ljúki doktorsnámi til að tryggja öfluga nýliðun kennara í greininni. Það er afar brýnt að félagsráðgjafar sameinist um að efla doktorsnámið í greininni og leiti leiða til að styrkja öfluga kándidata til að stunda það. *Tímarit félagsráðgjafa* fer áfram með lykilhlutverk í að efla fræði og fag, sem helsti birtingarvettvangur á sviði félagsráðgjafa hérlandis.

Fyrir hönd ritstjórnar þakka ég höfundum og ritrýnum fyrir þeirra mikilvæga framlag í þetta tölublað.